

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ölfushrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Ölfushrepps nr. 260/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1994.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. júlí 1994 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd kr. 5,64.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki kr. 3,66.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en kr. 2.882, né hærra gjald en kr. 18.210.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera kr. 1.141.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Rúnar Hannesson.